

Svar

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Bryndísi Haraldsdóttur um ráð, nefndir, stjórnir, starfshópa og stýrihópa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað voru á árinu 2022 stofnaðar margar nýjar nefndir, stjórnir, ráð, stýrihópar eða starfshópar sem heyra undir ráðuneytið og hver er áætlaður kostnaður vegna þeirra?

Á árinu 2022 var skipað í 16 nýja starfshópa, stýrihópa og nefndir í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og auk þess var skipað í eina nefnd sem skipuð er árlega. Þá var endurskipað í lögbundna verkefnisstjórn um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, lögbundið mengunarvarnar ráð hafna og lögbundið fagráð Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn á árinu 2022. Einnig var skipað í nýtt lögbundið Þjóðgarðsráð fyrir Snæfellsjökulþjóðgarð. Ekki liggur fyrir heildarkostnaðaráætlun vegna hópanna en beinn kostnaður vegna þeirra átta hópa sem luku störfum á árinu 2022 var samtals 20.157.190 kr.

Samtals hafa tíu hópar lokið störfum það sem af er kjörtímabilinu og eru það:

- Starfshópur um gerð grænbókar um stöðu og áskoranir í orkumálum – Staða og áskoranir í orkumálum með vísan til markmiða og áherslna stjórnvalda í loftslagsmálum, mars 2022.
- Starfshópur um raforkuöryggi.
- Starfshópur um þjóðgarða og friðlýst svæði – Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði, staða og áskoranir, nóvember 2022.
- Starfshópur um endurmat á kerfi framlengdrar framleiðendaábyrgðar hér á landi.
- Starfshópur um vindorkuver á hafi í lögsögu Íslands – Vindorka, valkostir og greining, apríl 2023.
- Starfshópur um innleiðingu hringrásarhagkerfis – 200 þúsund tonn af tækifærum.
- Starfshópur um eflingu samfélagsins á Vestfjörðum – Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins á Vestfjörðum, júní 2023.
- Hæfnisnefnd vegna ráðningar í embætti skrifstofustjóra skrifstofu eftirfylgni og fjármála.
- Nefnd um umhverfisviðurkenningu ráðuneytisins (árlegt).
- Valnefnd vegna ráðningar í embætti forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Tveir stýrihópar hafa verið skipaðir í embættistíð ráðherra. Stýrihópur um eflingu umhverfis- og loftslagsvænna nýfjárfestinga – Græni dregillinn var skipaður í tíð núverandi ráðherra. Akvörðun um skipan stýrihóps vegna verndarsvæðis Breiðafjarðar var tekin af fyrri-verandi umhverfis- og auðlindaráðherra, en lokið var við skipan í stýrihópinn í tíð núverandi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Þá hefur einn samráðshópur um fráveitur verið skipaður. Ákvörðun um skipan samráðshópsins var tekin af fyrrverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, en lokið var við skipan í samráðshópinn í tíð núverandi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Skipuð hefur verið ein stjórn samráðsvettvangs um þekkingarsköpun vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Eftirfarandi starfs- og stýrihópar sem skipaðir hafa verið það sem af er kjörtímabilinu eru enn að störfum:

- Starfshópur um málefni vindorku.
- Stýrihópur vegna landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum.
- Starfshópur um endurskoðun á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Starfshópur um stöðu minjaverndar.
- Starfshópur um endurnýjanlegt eldsneyti fyrir flugvélar.
- Starfshópur um tillögur um framgang mála sem heyra undir málefnasvið umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og stuðlað geta að eflingu samfélagsins í Vestmannaeyjum.
- Starfshópur um aðra orkukosti.
- Starfshópur um þátttöku íslenskra fyrirtækja og ríkisins á mörkuðum með kolefniseiningar.
- Starfshópur um orkumál og friðlýsingarkosti á Langanesi.